

Ár 2019, miðvikudaginn 17. júlí er í Áfrýjunardómstól Íþróttá og Ólympíusambands Íslands, í málinu nr. 2/2019:

**Amanda Marie Ágústsdóttir**

**gegn**

**Þríprautasambandi Íslands og**

**Hákoni Hrafní Sigurðssyni.**

uppkveðinn svohljóðandi dómur:

Málið dæma Helgi Sigurðsson, Helga Melkorka Óttarsdóttir og Karl Gauti Hjaltason.

Áfrýjandi skaut málinu til dómstólsins með áfrýjun hinn 8. júlí 2019. Áfrýjað er dómi Dómstóls Íþróttá og Ólympíusambands Íslands frá 3. júlí 2019. Dómsorð hins áfrýjaða dóms er svohljóðandi:

*„Dómkröfu kæranda um að ákvörðun kærða um að hafna beiðni kæranda um að vera skráð til keppni í 2019 Cholpon-Ata ASTC Sprint Triatholon Asian Cup and Central Asian Championships verði afturkölluð og að kærði skrái kæranda tafarlaust til keppni er vísað frá dómi.*

*Dómkröfu kæranda um að meðkærði Hákon Hrafn Sigurðsson verði áminntur fyrir framgöngu sína í þessu máli og að virða ekki trúnað við kæranda er hafnað.*

*Dómkröfu kæranda um að kærði veiti kæranda aðgang að fundargerðum sínum fyrir árin 2016, 2017, 2018 og 2019, er hafnað.*

*Viðbótardómkröfu kæranda um að ef málið dregst fram yfir skráningarfrest eða af öðrum óviðráðanlegum ástæðum geti kærandi ekki tekið þátt í þessari keppni verði kærða gert að skrá hana til keppni í sambærilegri keppni á vegum ASTC eða ETU, er vísað frá dómi.*

*Málskostnaður fellur niður”.*

Fyrir dómstólnum gerir áfrýjandi þær kröfur að að hinum áfrýjaða dómi verði breytt á þá leið að stefnda, Þríprautasambandinu, verði gert að skrá áfrýjanda til keppni á vegum ASTC eða ETU í samræmi við varakröfu í kæru þar sem skráningarfrestur í keppninni sem aðalkrafa í kærinni náði til rann út á meðan rekstri málsins stóð.

Að hinum áfrýjaða dómi verði breytt á þá leið að meðkærði verði áminntur fyrir framgöngu sína í þessu máli og að virða ekki trúnað við áfrýjanda.

Að hinum áfrýjaða dómi verði breytt á þá leið að stefndi, Þríprautasambandið, veiti áfrýjanda aðgang að fundargerðum sínum fyrir árin 2016, 2017, 2018 og 2019.

Til vara er þess krafist að hinn áfrýjaði dómur verði ómerktur og málinu verði vísað aftur til Dómstóls ÍSÍ til lögmætrar meðferðar.

Til þrautavara að 1. liður í aðalkröfu fyrir áfrýjunardómstólnum verði ómerktur og vísað til lögmætrar meðferðar, óháð niðurstöðu 2 og 3 liða aðalkröfunnar.

Málið var dómtekið að lokinni fyrirtöku þess mánudaginn 15. júlí 2019. Af hálfu áfrýjanda, Amanda Marie Ágústsdóttur, var hún sjálf mætt ásamt Diðriki Stefánssyni. Af hálfu stefnda, Þríþrautasambandsins var Halldóra Matthíasdóttir mætt og stefndi Hákon Hrafn Sigurðsson er sjálfur mættur. Gerðu þau grein fyrir sjónarmiðum hvers aðila um sig.

Málsatvik eru rakin í hinum áfrýjaða dómi sem og málsástæður hvors aðila um sig og vísast til þess sem þar kemur fram þar um.

### **Niðurstaða**

Eins og fram kemur í hinum áfrýjaða dómi var mál þetta upphaflega höfðað vegna synjunar stefnda Þríþrautasambandsins á að skrá áfrýjanda til keppni í 2019 Cholpon-Ata ASTC Sprint Triatholon Asian Cup and Central Asian Championships. Áfrýjandi hefur fallið frá þessari kröfu enda hefur hann ekki lögvarða hagsmuni af henni þar sem umrædd keppni fór fram dagana 24 til 27. júní sl.

Aðalkrafa áfrýjanda nú, lítur að því að stefnda, Þríþrautarsambandinu verði gert skylt að skrá áfrýjanda til keppni á vegum ASTC eða ETU. Þessi krafa er sett fram óháð því hvaða keppni sé um að ræða hjá umræddum aðilum, hvaða skilyrði kunni að vera sett fyrir þátttöku í þeim keppnum og hvort áfrýjandi hafi yfirhöfuð sótt um þátttöku í þeim. Dómstólar ÍSÍ hafa ekki lögsögu til þess að taka slíkar ákvarðanir f.h. einstakra aðildarfélaga, heldur lítur lögsaga þeirra að því að endurskoða einstakar ákvarðanir sem slík aðildarfélög hafa tekið eða látið hjá líða að taka, á grundvelli fyrirliggjandi beiðni eða umsóknar einstakra umsækjanda. Raunar verður ekki séð að stefndi, Þríþrautasambandið, geti tekið slíka ákvörðun án fyrirliggjandi umsóknar áfrýjanda um þátttöku í tiltekinni keppni á vegum umræddra sambanda.

Með vísan til ofangreinds, verður kröfu áfrýjanda um að kærða verði gert að skrá áfrýjanda til keppni á vegum ASTC eða ETU, í samræmi við varakröfu í kæru, þar sem skráningarfrestur í keppninni sem aðalkrafa í kærinni náði til, rann út á meðan rekstri málsins stóð, vísað frá dómi.

Þær reglur sem Þríþrautarsambandið hefur sett varðandi þátttöku í svokölluðum Elite keppnum eru almennar og styðjast við málefnaleg sjónarmið. Án þess að tekin sé afstaða til þess hvort vikið hafi verið frá slíkum reglum í öðru af þeim tveimur tilvikum þar sem stefndi hefur heimilað þátttöku, gætu slík frávik hugsanlega leitt til þess að stefndi, Þríþrautasambandið, missir keppnisrétt fyrir félagsmenn sína í umræddum Elite keppnum. Þá geta ítrekuð frávik frá reglum og hvers kyns mismunun, leitt til þess að aðildarsambandi kann að vera vikið úr Íþróttasambandi Íslands. Slík frávik geta hins

vegar aldrei leitt til þess að að með því geti áfrýjandi eða aðrir krafist þátttöku í keppnum óháð því hvort þeir uppfylli skilyrði reglnanna eða ekki.

Staðfest er sú niðurstaða hins áfrýjaða dóms að hafna því að stefndi, Hákon Hrafn Sigurðsson, verði áminntur fyrir framgöngu sína í þessu máli og að virða ekki trúnað við áfrýjanda.

Staðfest er sú niðurstaða hins áfrýjaða dóms að hafna því að stefndi, Þríprautasambandið, veiti áfrýjanda aðgang að fundargerðum sínum fyrir árin 2016, 2017, 2018 og 2019.

Þá eru engin efni til þess að fallast á varakröfu og þrautavarakröfu áfrýjanda um ómerkingu og er þeim hafnað.

#### Dómsorð


Kröfu áfrýjanda um að hinum áfrýjaða dómi verði breytt á þá leið að stefnda, Þríprautasambandinu, verði gert að skrá áfrýjanda til keppni á vegum ASTC eða ETU í samræmi við varakröfu í kæru þar sem skráningarfrestur í keppninni sem aðalkrafa í kærinni náði til rann út á meðan rekstri málsins stóð, er vísað frá dómi.

Staðfest er sú niðurstaða hins áfrýjaða dóms að hafna því að stefndi, Hákon Hrafn Sigurðsson, verði áminntur fyrir framgöngu sína í þessu máli og að virða ekki trúnað við áfrýjanda.

Staðfest er sú niðurstaða hins áfrýjaða dóms að hafna því að stefndi, Þríprautasambandið, veiti áfrýjanda aðgang að fundargerðum sínum fyrir árin 2016, 2017, 2018 og 2019.

Varakröfu stefnda er hafnað.

Þrautavarakröfu stefnda er hafnað.

  
Helgi Sigurðsson

  
Helga Ottarsdóttir

  
Karl Gauti Hjaltason